

Dómsorð:

Landamerki Vogatungu og Leirár milli Laxár og Leirár skulu vera beint strik frá stað, þar sem kelda hefur komið út í Leirá fyrir ofan Jöklaberg, í stefnu á einstæðan klett, sem er 25 m frá syðri bakka Laxár. Er endapunktur striksins á nyrðri bakka árinnar. Á eyrum framan við endapunktinn við Leyrá heyrir hver staður til því landi, sem hann er næstur. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. október 1970.

Nr. 179/1969. **Hákon Benediktsson**
Guðmundur Benediktsson og
Garðar Benediktsson
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Sumarliða Betúelssyni og gagnsök
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. september 1969, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1969 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd alger sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. október 1969 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 28.000.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 22. júní 1965 til greiðsludags, kr. 188.00, stimpil- og afsagnarkostnað, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Hákon Benediktsson ritaði upphaflega nafn

sitt undir orðinu samþykkur á vixilblað það, sem í máli þessu greinir. Því næst ritaði aðaláfrýjandi Guðmundur Benediktsson nafn sitt sem útgefandi á vixilblaðið og ábakti það með nafni sínu. Loks ábakti aðaláfrýjandi Garðar Benediktsson vixilblaðið. Að svo búnu var vixilblaðið sent Ómari Gústafssyni. Ómar eða einhver annar hefur ritað nafn Ómars Gústafssonar á stað greiðanda á vixilblaðið. Nú ritaði Ómar Gústafsson og sambýliskona hans, Sveinsína Jónsdóttir, nöfn sín fyrir ofan orðið samþykkur á vixilblaðið. Loks strikaði Ómar Gústafsson yfir nafn aðaláfrýjanda Hákonar Benediktssonar á vixilblaðinu í viðurvist gagnáfrýjanda.

Þar sem aðaláfrýjandi Hákon Benediktsson var eigi greiðandi samkvæmt vixiltextanum fullgerðum, var hann eigi bundinn sem samþykkjandi vixilsins, sbr. 25. og 29. gr. vixillaga nr. 93/1933. Með því að nafn hans var strikað út á vixlinum í viðurvist gagnáfrýjanda, verður hann eigi þegar af þeirri ástæðu talinn bera aðra vixilábyrgð, sbr. 10. gr. laga nr. 93/1933.

Þar sem vixilblaðið var þannig útfyllt og nafnritun á því breytt, svo sem að framan segir, eftir að aðaláfrýjendurnir Guðmundur Benediktsson og Garðar Benediktsson rituðu nöfn sín á vixilblaðið, verða þeir eigi bundnir að vixilrétti.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Hákon Benediktsson, Guðmundur Benediktsson og Garðar Benediktsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Sumarliða Betúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 2. þ. m., hefur Sumarliði Betúelsson, Grundarstíg 15 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 30. nóvember 1965 og birtri 2. og 3. desember 1965, á hendur þeim Ómari Gústafssyni, Hátúni 6 hér í borg, og Guðmundi Benediktssyni, Akursbraut 22, og Garðari Benediktssyni, Stekkjarholti 22, báðum á Akranesi, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 28.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 22. júní 1965 til greiðsludags, kr. 188.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: „Skuld þessi er skv. víxli, útgefnum hinn 22. marz 1965 af Guðmundi Benediktssyni, Akursbraut 22, Akranesi, en samþykktum til greiðslu af Ómari Gústafssyni, Hátúni 6, Reykjavík, með gjalddaga hinn 22. júlí 1965. Víxillinn er ábaktur af útgefanda, samþykkjanda og Garðari Benediktssyni, Stekkjarholti 22, Akranesi. Víxillinn átti að greiðast í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, en var afsagður sökum greiðslufalls hinn 24. júlí 1965“.

Í greinargerð, sem fram kom af hálfu stefndu Guðmundar og Garðars, eru þær dómkröfur gerðar af þeirra hálfu, að þeir verði með öllu dæmdir sýknir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hans hendi. Í greinargerð þessara stefndu kemur fram, að þeir hafi ábakt víxil með sömu fjárhæð og með sama greiðsludegi og stefnt er til greiðslu á í máli þessu, en sá víxill hafi verið útgefinn af bróður þeirra, Hákonu Benediktssyni, Sunnubraut 18, Akranesi, og hafi hér verið um framlengingarvíxil að ræða, sem stefndi Ómar Gústafsson hafi tekið að sér að greiða. Því er haldið fram í greinargerðinni, að um fölsun á greindum víxli sé að ræða og hafi stefndu eigi annað vitað en víxill sá, er þeir höfðu gefið út og ábakið, væri greiddur.

Með stefnu, útgefinni hinn 14. marz 1966 og birtri hinn 16. s. m., höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur Hákonu Benediktssyni, Sunnubraut 18, Akranesi, og gerði þær dómkröfur, að sakaukastefndi verði dæmdur in solidum með frumstefndu, Ómari Gústafssyni, Guðmundi Benediktssyni og Garðari Benediktssyni, til að greiða kr. 28.000.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 22. júlí 1965 til greiðsludags, kr. 188.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Um lýsingu málavaxta segir svo í sakaukastefnu: „Skuld þessi er skv. víxli, útgefnum 22. marz 1965 af Guðmundi Benediktssyni, Akursbraut 22, Akranesi. Í frumstefnu er þess getið, að víxillinn sé samþykktur til greiðslu af Ómari Gústafssyni. Í framlagðri greinargerð varnaraðilanna Guðmundar og Garðars upp-

lýsir lögmaður þeirra, að framhaldsstefnandi sé raunverulegur og upphaflegur samþykkjandi á umstefndum víxli og sé yfirstrikingun hans á víxlinum gerð í heimildarleysi bræðranna Guðmundar og Garðars. Þykir því rétt og sjálfsagt að stefna honum einnig til greiðslu á víxlinum. Nánari skilgreining verður færð fram í greinargerð“.

Víxill sá, sem mál þetta fjallar um, er að fjárhæð kr. 28.000.00. Er hann útgefinn af Guðmundi Benediktssyni. Er útgáfustaður Reykjavík og víxillinn gefinn út hinn 22. marz 1965. Gjaldldagi hefur upprunalega verið skráður 6. ágúst 1965, en hefur verið breytt í 22. júní sama ár. Samkvæmt meginmáli víxilsins er Ómar Gústafsson, Hátúni 6, greiðandi hans. Hákon Benediktsson hefur skrifað nafn sitt sem samþykkjandi víxilsins. Yfir nafn hans hefur verið strikað svo og orðið „samþykkur“, en framan við nafn Hákonar hafa verið rituð þvert yfir víxilinn nöfn þeirra Sveinsínu Jónsdóttur og Ómars Gústafssonar. Víxillinn er ábakinn af Guðmundi Benediktssyni, Garðari Benediktssyni og Ómari Gústafssyni. Greiðslustaður víxilsins er Útvegsbanki Íslands, Reykjavík. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 24. júní 1965.

Í greinargerð stefnanda er því haldið fram, að enginn vafi sé um víxilábyrgð stefndu Guðmundar og Garðars Benediktssona, en samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið í greinargerð frumstefndu, hafi nafn Hákonar Benediktssonar ekki átt að vera strikað út á víxlinum og muni hann því vera hinn raunverulegi samþykkjandi víxilsins. Af vankunnáttu hafi stefndi Ómar strikað út nafn Hákonar og skrifað sig sem samþykkjanda, er hann hafi viljað gera sig meðábyrgan fyrir víxilskuldinni. Jafnframt hafi Ómar ábakið víxilinn. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þar sem það sé á valdi stefnanda, hvort hann stefni samþykkjanda eða ekki, og stefni aðeins útgefanda og ábekingi, þá raskist eigi ábyrgð nefndra ábyrgðarmanna við greinda breytingu á víxlinum.

Í greinargerð sakaukastefnda er því lýst, að stefndi Ómar hafi á árinu 1964 keypt bifreið af stefnda Hákonu og hafi hann átt að greiða andvirði hennar með því að greiða víxil, sem stefndi Hákon hafi skuldað í Útvegsbanka Íslands. Víxill þessi hafi verið samþykktur af stefnda Hákonu, útgefinn af stefnda Guðmundi og ábakinn af stefndu Guðmundi og Garðari. Upphaflega hafi víxill þessi verið að fjárhæð kr. 35.000.00. Stefndi Ómar hafi samið um að greiða inn á víxilinn kr. 5.000.00 á þriggja mánaða

fresti. Á ýmsu hafi nú gengið varðandi greiðslur af hendi stefnda Ómars, en þeir Hákon, Guðmundur og Garðar hafi alltaf sent honum víxla til framlengingar greindum víxli, en muni ekki alltaf hafa fyllt þá út nema að litlu leyti. Þeir bræður hafi ekki vitað annað en víxlar þeir, sem Ómari voru sendir, hafi verið notaðir til framlengingar áðurgreindum víxli, sem þeir hefðu fengið vitneskju um, að var þá að fjárhæð kr. 28.000.00. Síðast hafi víxill þessi verið endurnýjaður hinn 7. maí 1965 með gjald-daga hinn 7. október 1965 og hafi sakaukastefndi nú leyst hann til sín. Er því haldið fram af hálfu sakaukastefnda, að ráðstöfun stefnda Ómars á víxli þeim, sem fjallað er um í máli þessu, sé hrein svik af hans hendi. Er því haldið fram af hálfu sakauka-stefnda, að þar sem fram sé komið, að stefnandi hafi keypt greindan víxil, eftir að nafn sakaukastefnda hafði verið strikað út sem samþykkjanda og stefndi Ómar hafi ritað nafn sitt sem samþykkjandi í staðinn, þá geti sakaukastefndi nú eigi verið skuldbundinn til að greiða víxilinn. Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka við víxlinum í því ástandi, sem hann var í, sbr. ákvæði 2. mgr. 16. gr. víxillaga.

Með kæru, dagsettri hinn 12. október 1966, kærði sakauka-stefndi, Hákon Benediktsson, stefnda Ómar Gústafsson fyrir meint svik og fölsun í sambandi við meðferð hans á víxli þeim, sem fjallað er um í máli þessu.

Við rannsókn þá skýrði sakaukastefndi svo frá, að hann hefði á árinu 1964 selt stefnda Ómari bifreið. Í sambandi við þau kaup hafi stefndi Ómar tekið að sér að greiða víxil í Útvegs-banka Íslands að fjárhæð kr. 35.000.00. Kveðst sakaukastefndi hafa haft þann hátt á, að hann hafi sent eða farið með til stefnda Ómars útfyllt víxileyðublöð til framlengingar víxlinum og hafi Ómar svo annazt framlengingu víxilsins og greitt vexti og af-borganir. Muni Ómar hafa ábakið víxilinn, um leið og hann fram-lengdi hann. Sakaukastefndi kveðst hafa verið samþykkjandi víxils þessa, en útgefandi hafi verið Guðmundur bróðir hans og ábekingur Garðar bróðir þeirra. Kveður sakaukastefndi Ómar munu hafa ábakið framlengingarvíxlana einnig, áður en hann hafi selt þá. Sakaukastefndi kveðst oftast hafa fyllt víxlana út, þ. e. sett fjárhæðina á framlengingarvíxilinn, bæði í tölustöfum og bókstöfum, en þó hafi það ekki alltaf verið, því að ekki hafi verið fastir samningar við bankann um ákveðnar afborganir, og hafi Ómar þurft að semja um það hverju sinni. Haustið 1965

kveður sakaukastefndi svo hafa virzt sem Ómar hafi hætt að framlengja víxilinn í Útvegsbankanum og hafi hann verið afsagður hinn 7. október 1965 vegna greiðslufalls. Kveðst sakaukastefndi hafa orðið að greiða víxilinn upp. Á árinu 1966 kveður sakaukastefndi þeim bræðrum hafa verið stefnt til greiðslu á víxli þeim, sem fjallað er um í máli þessu. Síðar kveður sakaukastefndi sér hafa einnig verið stefnt til greiðslu víxils þessa. Við athugun kveður hann hafa komið í ljós, að víxill þessi hafi verið samþykktur upphaflega af sér, en strikað hafi verið yfir nafnið, en fyrir ofan skráð nafn Ómars Gústafssonar. Síðan hafi víxillinn komizt í hendur Sumarliða Betúelssonar, sem falið hafi lögmanni sínum innheimtu hans, er hann var eigi greiddur á gjaldþaga. Sakaukastefndi staðhæfði, að það hefði aldrei komið til mála, að stefndi Ómar mætti selja víxla þessa öðrum aðilja en framangreindum banka. Sakaukastefndi kveðst telja, að stefndi Ómar hafi í algeru óleyfi þeirra bræðranna selt víxil þann, sem fjallað er um í máli þessu, og jafnframt hafa strikað nafn sitt, þ. e. sakaukastefnda, út og skrifað eigið nafn í staðinn.

Hákon kvað það alrangt, að hann hefði gefið stefnda Ómari leyfi til að semja umræddan víxil eða breyta um nöfn á honum, enda hafi Ómar aldrei farið fram á það. Stefndi Garðar Benediktsson skýrði svo frá við rannsókn þessa, að hann hefði verið ábyrgðarmaður á víxlum hjá Hákonu bróður sínum vegna kaupa hans á vörubifreið. Hafi annar víxlanna, að fjárhæð kr. 35.000.00, verið vistaður í Útvegsbankanum. Þegar svo Hákon hafi selt stefnda Ómari vörubifreiðina, hafi Ómar tekið að sér að greiða víxlana, en þó hafi orðið að samkomulagi, að þeir bræðurnir skrifuðu nöfn sín á víxlana eins og áður með Hákon sem samþykkjanda. Kveður Garðar Hákon ávallt hafa annazt að senda víxlana til Ómars, og kveðst Garðar hafa skrifað sem ábekingur á víxlana, þegar Hákon hafi beðið um það. Ekki kvaðst Garðar minnst þess að hafa nokkru sinni skrifað á nema einn víxil í einu, er framlengja þurfti. Ekki kveðst hann geta fullyrt, hvort ávallt hafi verið búin að setja fjárhæðina á víxilinn, þegar Hákon hafi komið með hann til áritunar, og ekki kveðst hann heldur muna, hvort Hákon hafi þá verið búinn að skrifa framlengingu á víxilinn. Garðar kveður víxilinn í Útvegsbankanum hafa fallið, þegar fjárhæð hans hafi verið kr. 28.000.00. Hann kveður sig hafa fengið stefnu, að því er hann minnir, í ársbyrjun 1966 um greiðslu víxilsins, kr. 28.000.00, ásamt Guðmundi bróður sínum. Kveðst Garðar vegna máls þessa hafa mætt á bæjarþingi Reykja-

víkur og þá hafa séð frumrit víxilsins. Kannast hann þar við nafnritun sína á víxlinum. Á víxlinum kveður hann nafn Hákonar Benediktssonar hafa verið sem samþykkjanda, en strikað hafi verið yfir það og nafn Ómars Gústafssonar skrifað í staðinn og einnig nafn sambýliskonu Ómars, Sveinsínu Jónasdóttur. Kvaðst Garðar hafa mótmælt greiðslu víxilsins, því að hann hafi talið hann augskýlega falsaðan að því leyti, að hér hafi verið um víxil að ræða, sem átti að vera til framlengingar á fyrrnefndum víxli í Útvegsbanka Íslands og hafi Ómari verið óheimilt að selja víxilinn öðrum aðilja. Garðar kveðst ekki hafa gerzt ábyrgðarmaður á víxli með Hákonni sem samþykkjanda nema til framlengingar á fyrrgreindum víxli og hafi stefnda Ómari verið það vel kunnugt. Hins vegar kveðst Garðar hafa gefið út og verið ábyrgðarmaður á víxli eða víxlum, sem stefndi Ómar hafi samþykkt og selt. Hafi þetta verið í sambandi við ætluð íbúðarkaup Ómars. Kveður Garðar Guðmund bróður sinn ekki hafa verið á víxlum þessum. Garðar kveður víxla þessa ekki hafa fallið á sig.

Stefndi Guðmundur Benediktsson hefur skýrt svo frá við rannsókn þessa, að í sambandi við framangreind bifreiðakaup stefnda Ómars hafi hann verið útgefandi á framlengingarvíxlum þeim, sem fjallað hafi verið um, og hafi hann ritað nafn sitt á víxlana að beiðni stefnda Hákonar. Kveðst hann ekki minnst þess að hafa nokkru sinni skrifað á fleiri en einn víxil í einu, að minnsta kosti hafi Hákon oftast verið búinn að setja fjárhæð á víxlana, er hann hafi gefið þá út. Guðmundur kveður svo hafa komið að því fyrri hluta árs 1966, að hann hafi verið krafinn um greiðslu á víxli að fjárhæð kr. 28.000.00, sem Sumarliði Betúelsson, Grundarstíg í Reykjavík, hafi átt, og kveðst Guðmundur hafa mætt á bæjarþingi Reykjavíkur í sambandi við það mál og mótmælt greiðslu víxilsins. Kveðst hann hafa séð frumrit víxilsins og hafi hann verið útgefandi hans og ábekingur ásamt Garðari, en Hákon bróðir þeirra samþykkjandi, en nafn Hákonar hafi verið strikað út og nafn Ómars Gústafssonar skrifað í staðinn svo og nafn sambýliskonu Ómars. Kveðst Guðmundur telja öruggt, að hér hafi verið um að ræða framlengingarvíxil, sem stefndi Ómar hafi aðeins haft heimild til að selja í Útvegsbankanum, en verið algerlega óheimilt að selja öðrum, eins og hann hafi gert. Kveðst Guðmundur hafa talið, að hér hafi verið um svik og fölsun að ræða af hálfu Ómars, og hafi þeir bræðurnir á þeirri forsendu neitað að greiða víxilinn. Guðmundur kveðst aldrei, hvorki fyrr né síðar, hafa gerzt ábyrgðarmaður á víxli hjá stefnda Ómari

og hafi honum algerlega verið óheimilt að selja fyrrnefndan víxil eða gerast samþykkjandi hans.

Stefndi Ómar skýrði svo frá við rannsókn þessa, að hann hefði á árinu 1964 keypt vörubifreið af stefnda Hákon og hafi aðeins verið munnlegur samningur um þau kaup. Kveðst hann hafa tekið að sér að greiða víxla, sem Hákon hafi átt, bæði í Landsbankanum og Útvegsbankanum. Hafi Hákon verið samþykkjandi á báðum þessum víxlum, en stefndi Guðmundur útgefandi og stefndi Garðar ábekingur. Ómar kveður Hákon ávallt hafa afhent sér víxla til framlengingar víxlum þessum og hafi þeir verið með framangreindum áritunum, en ekki kvaðst hann muna, hvort Hákon skrifaði fjárhæðina á víxlana, og kveður varla svo hafa getað verið, þar sem hann hafi sjálfur farið með víxlana í bankann og séð um afborganir og greiðslu vaxta. Ómar kveðst hafa reynt að halda við afborganir og greiðslu vaxta af framangreindum víxlum í bönkunum, en að því hafi komið, að hann hafi ekki getað það, og hafi þeir fallið á Hákon. Víxil þann, sem fjallað er um í máli þessu, kveðst Ómar hafa selt Sumarliða Betúelssyni, stefnanda máls þessa, og hafi Sumarliði greitt kr. 18.000.00 fyrir víxilin. Ómar kveður Sumarliða hafa lofað að láta víxilin ekki í umferð. Þegar svo Sumarliði stefndi til greiðslu víxilsins, kveðst Ómar hafa kært Sumarliða fyrir sakaðómi Reykjavíkur fyrir okur. Ómar kveðst sjálfur hafa strikað út nafn Hákonar Benediktssonar á víxlinum eða kveður Sumarliða hafa gert það, því að hann kveðst hafa sagt Sumarliða, að hann mætti ekki krefja ábyrgðarmann um greiðslu víxilsins, og hafi Sumarliði lofað því. Ómar kveðst aldrei hafa talað við Guðmund Benediktsson eða Garðar Benediktsson um sölu þessa víxils, en hann kveðst hafa haft leyfi Hákonar til sölu víxilsins. Ómar kveður víxil þennan hafa legið hjá sér og hafi Hákon afhent honum hann. Ómar kveður víxilin hafa verið með nöfnum þeirra bræðranna, en kveður hann hafa verið án fjárhæðar. Kveðst hann sjálfur hafa fært fjárhæðina á víxilin. Kveðst Ómar telja, að víxill þessi hafi komið í sínar hendur til þess að framlengja víxilin í Útvegsbankanum, sem áður er frá skýrt. Ómar staðhæfði, að Hákon hefði sagt honum, að hann mætti nota víxla þá, sem í vörzlum hans voru, ef hann þyrfti á að halda. Ómar kveðst hafa haft í sínum vörzlum fleiri víxla frá Hákon en þá, sem hér er fjallað um, en kveðst ekki muna, hverjir hafi ritað á þá víxla. Ekki kveðst Ómar hafa talað um það við stefnda Hákon að strika nafn hans út af víxlinum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi Ómar hafi tvisvar verið búinn að koma með greindan víxil til sín og biðja sig um að kaupa hann, en hann hafi neitað í bæði skiptin. Er Ómar hafi svo komið í þriðja skiptið, kveðst stefnandi hafa látið til leiðast og keypt víxilinn, en með því skilyrði, að hann yrði greiddur strax og hann félli. Stefnandi kveður nöfn þeirra Sveinsínu Jónsdóttur, Ómars Gústafssonar og Hákonar Benediktssonar hafa verið komin á víxilinn, er hann fékk hann í hendur. Kveður stefnandi Ómar hafa strikað yfir nafn Hákonar að sér ásjáandi. Kveðst stefnandi hafa sagt Ómari, að hann vildi ekki kaupa víxilinn, þar sem hann hefði strikað yfir nafn Hákonar, en Ómar hafi þá sagt, að það mundi ekki koma að sök, þar sem hann ætlaði sjálfur að greiða víxilinn, þegar hann félli. Ekki kveðst stefnandi hafa lofað Ómari því að láta víxilinn ekki fara í umferð, og ekki kveður hann Ómar hafa haft orð á því, að ekki mætti ganga að ábyrgðarmönnum.

Það er eigi fram komið, að víxillinn sé falsaður. Eigi þykir handhöfn stefnanda á víxlinum komin til með þeim hætti, að ákvæði 2. mgr. 16. gr. víxillaga standi í vegi fyrir því, að hann leiti fullnustu samkvæmt honum.

Greindur víxill ber það ekki með sér, að hann hafi verið gefinn út og samþykktur til framlengingar öðrum víxli. Strikað hefur verið yfir nafn Hákonar Benediktssonar sem samþykkjanda á víxlinum. Er Hákon því eigi bundinn gagnvart stefnanda af nafnritun sinni sem samþykkjandi víxilsins. Telja verður með lögjöfnun frá 7. gr. víxillaga, að stefndi Guðmundur sé bundinn við víxilskuldbindingu sína, sem hann tók á sig með nafnritun sinni sem útgefandi víxilsins, svo og stefndi Garðar sem ábekingur víxilsins þrátt fyrir það, að sakaukastefndi, Hákon Benediktsson, verði eigi talinn víxilskuldari, enda var Hákonar ekki getið sem greiðanda víxilsins í meginmáli hans. Stefnandi Ómar hefur ritað nafn sitt sem samþykkjandi víxilsins samkvæmt ákvæðum 25. gr. víxillaga, og er hann bundinn af því.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verða úrslit málsins þau, að sakaukastefndi, Hákon Benediktsson, verður sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, og verður stefnandi dæmdur til að greiða sakaukastefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Stefndu, Ómar Gústafsson, Guðmundur Benediktsson og Garðar Benediktsson, verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda fjárhæð víxilsins, kr. 28.000.00, með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá gjalddaga víxilsins, 22. júní 1965,

kr. 188.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 7.500.00 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Sakaukastefndi, Hákon Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sumarliða Betúelssonar, í máli þessu og greiði stefnandi sakaukastefnda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefndu, Ómar Gústafsson, Guðmundur Benediktsson og Garðar Benediktsson, greiði stefnanda in solidum kr. 28.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 22. júní 1965 til greiðsludags, kr. 188.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 7.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
